STJÓRNARTÍÐINDI B 49 – 1993

Nr. 305 572 28. júlí 1993

REGLUGERÐ

um bann við öllum togveiðum við Suðausturströndina.

1. gr.

Á tímabilinu frá kl. 20.00 29. júlí til og með 31. ágúst 1993 eru allar togveiðar þar með taldar rækju- og humarveiðar bannaðar við Suðausturströndina á eftirgreindum svæðum:

1. Á Papagrunni og Lónsdjúpi á svæði, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64°33'0 N – 13°23'0 V	7. 64°05'0 N – 14°42'0 V
2. 64°23'0 N – 13°21'0 V	8. 64°16'0 N – 14°42'0 V
3. 64°23'0 N – 13°40'0 V	9. 64°20'0 N – 14°25'0 V
4. 64°12'0 N – 13°40'0 V	10. 64°25'0 N – 14°15'0 V
5. 64°12'0 N – 14°13'0 V	11. 64°25'0 N – 13°54'0 V
6. 64°05'0 N – 14°13'0 V	12. 64°35'0 N – 13°38'0 V

2. Á Stokksnesgrunni á svæði, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64°00'0 N – 14°25'0 V	3. 63°50'0 N – 14°45'0 V
2. 63°50'0 N – 14°25'0 V	4. 64°00'0 N – 14°50'0 V

3. Á Síðugrunni á svæði, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 63°26'0 N – 17°12'0 V	3. 63°15'0 N – 17°35'0 V
2. 63°20'0 N – 17°12'0 V	4. 63°21'0 N – 17°35'0 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands öðlast gildi kl. 20.00 29. júlí 1993. Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 258, 1. júlí 1993 um bann við togveiðum í Lónsdjúpi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. júlí 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Stjórnartíðindi B 49, nr. 305. Útgáfudagur 29. júlí 1993.

Steindórsprent Gutenberg hf.